

63. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í Stofu íslenskra fræða, föstudag 30. apríl, 2010, kl. 12.15

Í upphafi fundar var snæddur hádegisverður í mötuneytinu.

Fundinn sátu:

Skólanefnd: Gunnar Þorgeirsson, formaður, Edda Antonsdóttir og Margeir Ingólfsson. Unnur Brá Konráðsdóttir og Sigurður Ingi Jóhannsson boða forföll, einnig varamenn þeirra.

Einnig: Halldór Páll Halldórsson, skólameistari, Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari, Sigurjón Mýrdal, fltr. kennara og Sigurður Skúli Benediktsson, fltr. nemenda.

Fundarefni:

1. Umsóknir nemenda úr 10. bekk í forvali
2. Staða vinnu stýrihóps
3. Umræða um námsframboð s.s. framhaldsskólapróf skv. nýju lögnum – skólasamningur.
4. Niðurstöður úr þjónustukönnunum - sjálfsmatsnefnd
5. Umsóknir um auglýstar stöður.
6. Önnur mál.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Umsóknir nemenda úr 10. bekk í forvali

Aðst. skm. kynnti forval nemenda úr 10. bekk, en 59 nemendur hafa valið skólann sem fyrsta kost. (fskj. 1)

2. Staða vinnu stýrihóps

Skólameistari kynnti það starf sem unnið hefur verið í stýrihópi frá síðasta fundi.

3. Umræða um námsframboð s.s. framhaldsskólapróf skv. nýju lögnum – skólasamningur.

Skm. hafði framsögu um málið, með sérstakri tilvísun í þann hluta skólasamningsdraga þar sem vikið er að framhaldsskólaprófi (skólasamningsdrög fskj. 2).

Undir þessum lið var rædd forgangsröðun varðandi innritun í skólann. Ekki ályktað sérstaklega um þetta, en skm. mun vinna málið áfram í samræmi við umræður.

4. Niðurstöður úr þjónustukönnunum - sjálfsmatsnefnd

Aðst. skm. kynnti helstu niðurstöður kannana meðal nemenda og starfsfólks á þjónustu mötuneytis og bókasafns frá nóvember. (fskj. 3)

5. Umsóknir um auglýstar stöður.

Skólameistari greindi frá umsóknum um stöðu enskukennara (heil staða), en Anna Patricia Aylett lætur af störfum sökum aldurs. Alls bárust 7 umsóknir um stöðuna. Skólameistari dreifði upplýsingum um umsækjendur og fór síðan yfir umsóknarferlið. (fskj. 4) Niðurstaða hefur orðið um að ráða Jónu Katrínu Hilmarsdóttur í stöðu enskukennara við skólann.

Til kynningar.

Þá fjallaði skólameistari um auglýsingu vegna stöðu efnafræðikennara (heil staða), en Hilmar Jón Bragason lætur af störfum á þessu ári fyrir aldurs sakir. Umsóknarfrestur um þá stöðu var framlengdur og rennur út innan skamms.

6. Önnur mál.

a. Margeir fjallaði um málefni Héraðsskólans; leigusamning sem Bláskógabyggð hefur samþykkt, fyrir sitt leyti, að undirrita. Það stefnir í, að óbreyttu, að embætti skipulags- byggingafulltrúa flytji inn í húsið.

Fundi slitið kl. 14:30

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason